

# LÖGMANNSSTOFA

## ARNMUNDAR BACKMAN HF.

Arnmundur Backman hrl., Björn L. Bergsson hdl., Jóhann Halldórsson hdl.

Lágmúla 7  
Pósthólf 8383  
128 Reykjavík  
Sími: 581-1160  
Póstfax 581-1170  
Kt. 691294-3749

Tilv.: 9151-154

Nefndadeild Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 120 / 1202  
komudagur 19/3 1996

Reykjavík, 12. mars 1996.

### Efni: Varðar tillögu til þingsályktunar nr. 223 um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadali.

Eigendur Neðri-Dals ehf., sem er eignarfélag jarðarinnar Neðri Dalur í Biskupstungum, hafa leitað til mín vegna bréfs hins háa Alþingis frá 16. janúar s.l. Umhverfisnefnd Alþingis leyfir sér í þessu bréfi að senda umbjóðendum mínum til umsagnar umrædda tillögu til þingsályktunar. Bréfið er sent 16. janúar einsog áður segir og frestur gefinn til 5. febrúar eða í þrjár vikur í svo viðamiklu máli. Þó er ljóst að tillaga þessi hefur verið lögð fram á Alþingi á s.l. ári og er alveg sérstök ástæða til að mótmæla því harðlega að öllum sem málið varðar skuli ekki gefinn kostur á því þegar í upphafi að koma að málinu. Enda hefur ekki unnist tími til þess að móta afstöðu til málsins á uppgefnum fresti og er því sérstaklega mótmælt einnig hve skammur hann er.

Tillaga til þingsályktunar nr. 223 er í fjórum liðum. Sá fyrsti er um að stefnt skuli að því að 7 km<sup>2</sup> jarðhitasvæði við Geysi í Haukdali verði óskipt í eignahlut ríkisins. Tveir næstu liðir eru um skipulag rannsókna á þessu jarðhitasvæði og um sérstaka fjárveitingu til lagfæringa og uppbyggingar á svæðinu, en síðasti liður er um bann við frekari borunum eða öðru jarðraski á þessu svæði nema að undangengnum rannsóknum og þá í samráði við Náttúruverndarráð.

Um þessa þingsályktunartillögu er auðvitað margt að segja á þessu stigi málsins. Það er auðvitað jákvætt að alþingismenn skuli bera hag þessa svæði svo fyrir brjósti. Umbjóðendur mínir taka heilshugar undir mörg þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með tillögunni. Það er mála sannast að full ástæða til þess að kemma svæðið betur og fullgera kort af því með því að kanna jarðhita í nágrenni þess. Efnagreiningar vatnsins eru nauðsynlegar og ástæða til að kanna hvort efnainnihald vatnsins breytist og einnig hvort efnainnihald vatnsins sé það sama á svæðinu. Gera þarf þyngdarmælingar. Í öllum aðalatriðum eru umbjóðendur mínir sammála og taka heilshugar undir þau sjónarmið í tillögunni að halda verði áfram rannsóknum á rennsli á þessu merka jarðhitasvæði. Staðreyndin er nefnilega sú að þáttur hins opinbera í framanrituðu hefur verið ákaflega rýr hingað til. Þingsályktunartillagan ber m.a. með sér að borað var í Strokk á árinu 1963 og hreinsað burtu rusl sem kastað hafði verið í hverinn. Fyrir borun var ekkert rennsli frá honum, en jókst í 2 lítra á sekúndu eftir borun og þá byrjaði að gjósa. Engin sérstök rök fyrir þessari borun eru færð í þingsályktunartillögunni eða hvaða afleiðingar þessi borun hefur haft á vatnasbúskap svæðisins. Þingsályktunartillagan ber að öðru leyti með sér að svæðið er nánast órannsakað og það er augljóslega ástæðan fyrir umræddri tillögu.


Umbjóðendur mínir, sem hafa verulega hagsmuni af nýtingu heita vatnsins á landareign sinni, mótmæla hins vegar því viðhorfi í greinargerð með þingsályktunartillögunni að mun

auðveldara sé að vinna að endurbótum, viðhaldi og rannsóknum á svæðinu ef það væri allt ríkiseign. Það er mála sannast að umbjóðendur mínir og aðrir jarðeigendur á þessu svæði hafa margsinnis beitt sér fyrir því að opinberir aðilar gerðu rannsóknir í tengslum við nýtingu heita vatnsins á svæðinu, en allt án árangurs. Umbjóðendur mínir hafa hingað til fengið sérfræðinga Orkustofnunar til að mæla og gera framkvæmdaáætlanir við allar þær boranir sem framkvæmdar hafa verið á landareigninni. Eftir mælingum og tillögum Orkustofnunar hefur verið farið og breytingar þar á eru ástæðulausar. Orkustofnun hefur mesta þekkingu á eðli þessarar orku. Það eru því undarlegar hugmyndir að rannsóknir á jarðhitasvæðum ættu að vera undir umsjón Náttúruverndarráðs, enda er það ekki verkefni ráðsins að framkvæma þessar rannsóknir. Áhugi opinberra aðila fyrir rannsóknum hefur enginn verið hingað til. Þrátt fyrir þetta er því þrúfaldlega haldið fram í greinargerð með tillögunni að áhrif borhola í Neðri Dal og e.t.v. á fleiri stöðum séu mikil á þessu svæði og skapi lágan þrýsting. Því er haldið fram að mestar líkur séu á að þeir hverir hverfi, sem eru í sömu brotalinum og borað er í. Slíkar aðstæður séu fyrir hendi í Neðri Dal, en borholurnar þar séu í sprungustefnu frá Geysi. Því er haldið fram að borholurnar í Neðri Dal séu hættulegri fyrir hverina í Geysi en borholur í Helludal. Með tillögunni fylgir svo uppdráttur sem á að sanna þetta. Út á þessi líkindi öll telja flutningsmenn tillögunnar ástæðu fyrir ríkið að stefna því að eignast allt þetta svæði um 7 km<sup>2</sup> til þess að geta komið við frekari rannsóknum.

Einsog áður segir fagna umbjóðendur mínir öllum rannsóknum á jarðhitasvæðinu við Geysi og allri fjárveitingu til þeirra rannsókna og til svæðisins í heild og vita það manna best sjálfir að jarðhitasvæðið við Geysi er án efa eitt frægasta jarðhitasvæði veraldar og eru stoltir af því. Hins vegar mótmæla umbjóðendur mínir því alveg eindregið að það sé nauðsynlegt til þess að framkvæma rannsóknir og veita fjármunum til lagfæringa og uppbyggingar á svæðinu, að svæðið sé tekið eignarnámi einsog boðað er óbeint í tillögunni. Rökin fyrir þessari fjandsamlegu afstöðu í garð umbjóðenda minna eru enda engin. Allur rökstuðningur tillögunnar byggir á líkindum og áætlunum. Réttast væri að framkvæma umræddar rannsóknir fyrst með ríflegum fjárveitingum og komast þá m.a. að því hvort það er satt að borholur á landareign umbjóðenda minna hafi áhrif á hverina við Geysi. Ef svo er ekki, og að því er hægt að komast með rannsóknum á efnainnihaldi vatnsins, eru engin rök fyrir því að banna frekari boranir eða jarðrask á Geysissvæðinu eða í námunda við það einsog tillagan gerir ráð fyrir.

Að öllu samanlögðu mótmæla umbjóðendur mínir harðlega þeirri aðför og ófrægingu sem þingsályktunartillaga þessi ber með sér í þeirra garð.

Virðingarfyllst,  
f.h. eigenda Neðri Dals,



Arnundur Backman hrl.